

Vinnuhópur um kortlagningu slóða - Fundargerð 3

Þriðji fundur vinnuhóps um kortlagningu slóða í Mosfellsbæ,
haldinn í áhaldahúsi Mosfellsbæjar við Völuteig.

Mætt:

Bjarki Bjarnason
Örn Jónasson
Samson Bjarnar Harðarson
Úrsúla Junemann
Guðrún Birna Sigmarsdóttir
Tómas G. Gíslason

Farið fyrri stöðu málsins og kortlagning leiða skoðuð á tölvuskjá.

Búið er að setja inn í landupplýsingakerfið þá slóða sem upplýsingar voru til um, þ.e. stikaðar gönguleiðir, reiðleiðir og akslóða frá Slóðavinum. Búið er að uppfæra og lagfæra þau gögn sem tiltæk voru og samræma gögn, t.d. reiðleiðir. Hægt er að skoða umrædda slóða alla saman á korti eða hvern um sig.

Rætt var um það forrit sem valið var til kortlagningarinnar, Microstation light. Samson taldi að GIS kerfið hefði marga kosti fram yfir það. GIS kerfið myndi líklega henta vel til verksins og hafa ákveðna kosti fram yfir Microstation, kostnaður við það talsverður auk þess sem það er talsvert flókið og gæti útheimt auka mannafla. Innleiðing á GIS því líklega háð því að það myndi nýtast fleiri verkefnum.

Guðrún mun kanna með möguleika á og kostnað við að fá yfirlitskort í GIS kerfi sem sýnir t.d. mögulegt rof í landinu og hæðarlínur, þá væri möguleiki að einblína á slóða sem liggja um þau svæði, hvort sem það er akandi, hestar eða gangandi.

Einnig var farið farið yfir þau atriði að flokka þyrfti gögnin, forgangsraða verkefni og gera grein fyrir næstu skrefum.

Næstu skref eru eftirfarandi:

- Leggja drög að vinnuáætlun fyrir áframhald verksins.
- Teikna inn þá slóða sem sjást á loftmyndum og ekki eru skráð í gögn frá Slóðavinum.
- Ræða við hagsmunaaðila, eins og Slóðavini, og fara yfir fyrirbyggjandi kortlagningu slóða.
- Hefja vinnu við skilgreiningu þeirra slóða sem hafa verið skilgreindir, þar sem fyrir liggja fyrstu drög.

Næsti fundur vinnuhópsins er fyrirhugaður 17. febrúar n.k.

Tómas Guðberg Gíslason
umhverfisstjóri